



Foreldrar geta hjálpað börnum sínum með lestur og ritun



Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Um lestur og læsi.....	3
5 – 8 ára.....	5
Hvernig verður barnið mitt læst?	5
Hvernig get ég hjálpað barninu mínu?	7
Hvaða ráð get ég notað?	7
1. Talaðu við barnið.....	7
2. Gerðu lestur og ritun skemmtileg	8
3. Lesið daglega	9
4. Ræðið um bækur	10
5. Hlustaðu á barnið lesa	11
6. Vertu barninu góð fyrirmynd.....	12
9 – 11 ára.....	12
Hvernig get ég hjálpað barninu mínu?	12
1. Hjálpaðu barninu að skilja lesefnið.....	13
2. Talaðu við barnið	14
3. Gerið lesturinn ánægjulegan	15
4. Hvettu barnið til að skrifa.....	16
5. Glæðið lesturinn lífi í gegnum listsköpun	16
6. Vertu góð fyrirmynd	17
7. Taktu upp gagnrýninn lestur á heimilinu.....	18
Hvar get ég fundið hjálp?	19
Kennarinn	19
Aðrir í samfélaginu	20
Stjórnvöld	20
Nokkrar vefsíður fyrir ungt fólk	20

Formáli

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er fjallað um læsi sem einn af sex grunnþáttum menntunar. Tekið er fram að meginmarkmið læsis sé „að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á (bls. 14)“. Læsi og lesskilningur eru jafnframt meginþættir í aðgerðaáætlun núverandi skólayfirvalda í Reykjavík og eitt af höfuðmarkmiðum í stefnu þeirra að efla læsi í víðum skilningi. Stefnt er að því að Reykjavík verði í forystu um að efla læsi og lesskilning á öllum skólastigum.

Því hefur verið ráðist í að þýða og staðfæra bækling frá menntamálaráðuneyti Ontario-fylkis í Kanada sem hefur veitt góðfúslegt leyfi til að þýða bækling sem á ensku ber yfirskriftina *Helping Your Child With Reading and Writing. A Guide for Parents*.

Um lestur og læsi

Foreldrar eru mikilvægir þátttakendur í námi barna sinna. Sem foreldri stuðlar þú að einstakri reynslu sem getur hjálpað barni þínu til að læra. Þetta hefti hefur fram að færa ýmis ráð sem þú getur notað til að hjálpa barni þínu við lestur og ritun. Ráðleggingar sem varða 5 – 8 ára börn snúast fyrst og fremst að því að hjálpa þeim til að læra að lesa og skrifa. Ráðleggingum varðandi 9 – 11 ára börn er ætlað að hjálpa þeim til að lesa flóknara lesefni og til að efla færni þeirra í ritun.

Þú þarft ekki að gera allt sem bent er á í þessu hefti. Margar tillögur eru gefnar til að benda á ýmsa möguleika sem hægt er að grípa til. Lestu þær yfir og veldu þær sem þú telur að séu gagnlegastar fyrir þig og barnið þitt. Notaðu líka aðrar leiðir sem þú telur ánægjulegt og skemmtilegt fyrir ykkur að fara saman.

Ef barnið þitt hefur sérstakar þarfir, er ráðlegt að aðlaga verkefnin sem bent er á að þörfum barnsins þíns.

Læsi er meira en bara að lesa orð. Það snýst um að skilja merkingu málsins sem víða er að finna, s.s. í bókum, tímaritum, á vefsíðum, á merkjum og skiltum, í auglýsingum, í kvikmyndum og jafnvel í samræðum. Læsi fjallar um að hlusta og lesa með gagnrýnum hætti. Það felur líka í sér að vera fær um að miðla hugsunum sínum á skilmerkilegan hátt til annara í gegnum tal, ritun og aðra miðla.

Að ræða hugmyndir og deila viðhorfum eru meginþættir í læsi. Margar fjölskyldur hér á landi koma úr ólíku umhverfi og bera með sér sögu og sérstaka reynslu af læsi. Mismunandi reynsla af lestri, ritun og öðrum samskiptaleiðum getur orðið að umræðuefni í bekk barnsins þíns. Kennari barnsins veit að virðing fyrir ólíkri reynslu nemenda er jafn mikilvæg og að virða það sem nemendur eiga sameiginlegt. Með því að meta fjölbreytileikann gefast tækifæri til að deila með öðrum. Sem foreldri getur þú stutt við þessar hugmyndir heima um leið og þú hjálpar barninu með lestur og ritun.

Hér eru nokkur atriði til að hafa í huga við lestur heftisins:

Merking orðsins læsi er í stöðugri þróun:

- Læsi er meira en færnin við að lesa prentað mál.
- Læsi er færnin til að lesa og skrifa, hlusta og tala við aðra ásamt því að kynnast hugmyndum og skoða myndir í ólíkum miðlum. Það er líka færnin til að hugsa á gagnrýninn hátt um leið.
- Kennari barnsins talar e.t.v. um „gagnrýninn lestur“. Það sem átt er við er að hugsa á gagnrýninn hátt um þætti s.s. sanngirni, jafnræði og jafnrétti.
- Auk þessa heftis eru margar bjargar í boði til að aðstoða þig við að styðja við lestrarfærni barnsins þíns. Þú getur ráðfært þig við kennara, bókasafnsfræðinga og starfsmenn ýmissa félagasamtaka sem vinna að hagsmunum barnsins þíns.

Hvers vegna er læsi mikilvægt?

Margar ástæður eru fyrir því að fólk les og skrifar:

- af ánægju og áhuga
- til að halda sambandi við fjölskyldu og vini
- til að sækja og nota upplýsingar sem gagnast við að leysa vanda og taka ákvarðanir
- til að læra um heiminn og deila hugsunum sínum með öðrum
- vegna vinnu

Læsi í víðum skilningi er nátengt samskiptum okkar við aðra. Það tengist félagslegum venjum og tengslum, þekkingu, tungumáli og menningu okkar. Læsi er hluti af lífi okkar ásamt öðrum leiðum til samskipta. Fyrir marga er læsi

sjálfsgæður hlutur – en þeir sem geta ekki lesið eru í dag einangraðir frá margs konar samskiptum.

Að geta lesið og skrifað er lykill að velgengni í námi, það byggir upp sjálfstraust og hvetur barnið til að setja sér verðug markmið í námi.

5 – 8 ára

Hvernig verður barnið mitt læst?

Besti tíminn fyrir barnið til að læra að lesa og skrifa er á unga aldri. Þá er barnið móttækilegast fyrir jákvæðum viðhorfum til lestrar og ritunar og er næmast fyrir þeim undirstöðubáttum sem nám í lestri og ritun byggir á. Þegar barnið byrjar að lesa og skrifa, er gott að ræða við barnið um hugmyndir þess um lestur og ritun – fremur en að bara tala um lestrar- eða skriftarnámið. Það hjálpar barninu til að skilja hvað það þýðir að geta lesið og skrifað.

Að læra að lesa og skrifa gerist ekki í einu vetfangi. Það gerist í nokkrum þrepum sem að lokum leiða til þess að barnið verður fluglæst og sjálfstætt í lestri og ritun. Meðfylgjandi er yfirlit yfir helstu þrep í þróun lestrar og ritunar.

Þróun lestrar- og ritunar

1. Áður en barnið fer að lesa og skrifa getur það:

- lært um orð með því að leika með stafakubba, skoða myndabækur, leika með segulstafi, o.fl.
- lært um orð í gegnum lög, vísur, umferðarmerki og vörumerki
- lært hvernig ritmálið virkar, t.d. hvar saga byrjar og endar og í hvaða átt er lesið og skrifað
- haft gaman af að skoða bækur og hlusta á bækur lesnar
- lært að eigin hugsanir má setja í ritmál með því að nota myndir, tákn og stafi
- byrjað að hegða sér eins og lesandi, t.d. haldið á bók og þóst vera að lesa
- byrjað að hegða sér eins og ritfær maður, t.d. haldið á blýanti og þóst vera að skrifa
- notað bæði myndir og minni til að segja og endursegja sögu

2. Þegar barnið byrjar að læra að lesa getur það:

- vitað að fólk segir sögur og fær upplýsingar úr ritmáli
- sýnt áhuga á lesefni
- byrjað að para saman ritmál og talmál og áttað sig á tengslum hljóða og stafa
- byrjað að prófa sig áfram með lestur og er tilbúið að reyna að lesa upphátt
- notað myndir til að auðvelda sér að skilja lesefnið og áttað sig á að lesmálið og myndefnið tengjast
- byrjað að prófa sig áfram með ritun, t.d. notað myndir, skrifað tákn sem líkjast stöfum, skrifað stafi eða stafaklasa (sem ekki eru orð), skrifað orð með því að nota suma stafi orðsins en ekki alla
- skilið að mynd er ekki það sama og ritmál

3. Þegar barnið er byrjað að læra að lesa getur það:

- verið öruggara við að nota ólíkar aðferðir til að þekkja einstök orð
- aðlagð lestrarlag að mismunandi lestrarefni
- þekkt mörg orð, skilið þau og verið tilbúið til að reyna að lesa nýjan texta
- skrifað einfaldar setningar með því að nota stóra og litla stafi, hafa stafabil á milli orða og nota helstu greinarmerki, s.s. punkta og spurningarmerki
- notið þess að skrifa og sýnt ritun áhuga á margan hátt, t.d. skrifað innkaupalista, stutt skilaboð, á kort og merkimiða
- byrjað að skipuleggja, endurskoða og yfirfara einfalda texta

4. Þegar barnið er orðið vel læst og skrifandi getur það:

- notað margar aðferðir til að þekkja orð og merkingu þeirra þegar það les
- tengt hugmyndir og reynslu í bókum við eigin þekkingu og reynslu
- sagt fyrir um atburði í sögu og lesið fjölbreytt lesefni
- verið jákvætt gagnvart lestri og ritun og lesið og skrifað að eigin frumkvæði og í ákveðnum tilgangi
- byrjað að nota ólíkar aðferðir við að stafa orð rétt
- notað margvíslegar setningagerðir í ritun, t.d. staðhæfingar og spurningar og byrjað að raða setningum í málsgreinar

- notað margar aðferðir við að skipuleggja, endurskoða, yfirfara og birta eigin texta

Hvernig get ég hjálpað barninu mínu?

Þú ert fyrsti og mikilvægasti kennari barnsins þíns. Þegar þú hjálpar barninu að læra að lesa, skrifa og hugsa á gagnrýninn hátt, opnar þú dyr fyrir barnið að þeirri auðlegð sem nám er.

Barnið þitt getur byrjað að læra að lesa með því að hlusta á þig lesa upphátt sögur og blaðagreinar. Fljótlega fer barnið að fá áhuga á að lesa sögur og annað lesefni á eigin spýtur. Það er mjög mikilvægt að ræða um hugmyndir sem fram koma í bók eða tímariti, spyrja spurninga sem hvetja barnið til rökhugsunar og segja frá eigin viðbrögðum við því sem lesið er.

Þú getur auðveldað barninu þínu að læra að lesa og skrifa. Með reglulegri æfingu mun barnið öðlast færni í lestri og ritun. Um leið lærir barnið að hugsa á gagnrýninn hátt um efni sögunnar eða upplýsinganna sem það les.

Fjölskyldur geta fléttað lestrarverkefnum inn í hvað sem er – þróun læsis er ekki bara eitthvað sem gerist í skólanum. Það er mikilvægt að nota öll tækifæri sem bjóðast til að styðja við lestrarnámið. Læsi er hluti af okkar daglega lífi óháð stað og stund. Lestarfærni er notuð við ólíkar aðstæður, s.s. í innkaupaferðum, á fótboltavellinum, í umræðum um kvikmyndir eða þegar skrifaðir eru minnislistar.

Það er mikilvægt að hvetja barnið þitt og sýna að þú hefur trú á því. Forðastu að bera stöðu barnsins saman við önnur börn. Mundu að nám í lestri og ritun gerist ekki í einu vetfangi. Lestrarnámið er ekki alltaf auðvelt og börn þurfa að vita að það læra ekki allir á sama hraða. Lestrarnám tekur tíma og börn þurfa æfingu og stuðning frá foreldrum og kennurum til að ná góðri færni í lestri og ritun.

Hvaða ráð get ég notað?

1. Talaðu við barnið.

Mjög mikilvægt er að tala við barnið og hvetja það til að tala við þig. Hlustun og tal eru aðgöngumiði barnsins að máli og læsi. Í gegnum tal og söng lærir barnið

um hljóð og uppbyggingu málsins en hvort tveggja auðveldar og styður við nám í lestri og ritun.

Hér eru nokkrar ábendingar til foreldra um hvernig þeir geta stutt við málþroska barns síns:

- Segðu barninu sögur af fjölskyldunni, af þér, öfum og ömmum og öðrum skyldmendum.
- Hvettu barnið til að segja frá hvernig dagurinn leið, frá viðfangsefnum, íþróttum og leikjum.
- Spurðu spurninga til að sýna barninu að þú hafir áhuga á því sem það gerir.
- Talaðu við barnið um það sem þið gerið og hugsíð.
- Hvettu barnið til að segja frá eigin hugsunum og líðan.
- Ekki grípa fram í fyrir barninu. Láttu barnið sjálft finna orðin sem það vantar.
- Syngdu með barninu vísur, t.d. stafrófsvísur og farðu með ljóð og kvæði og hvettu barnið til að taka þátt.
- Farðu í rím- og orðaleiki við barnið.

2. Gerðu lestur og ritun skemmtileg

Að lesa upphátt fyrir barnið er ein besta leiðin til að vekja áhuga þess á lestri. Það er skemmtilegt og hjálpar barninu að læra hvað lestur er. Hvettu barnið líka til að skrifa. Hér eru nokkrar leiðir til að gera nám í lestri og ritun áhugaverð:

- Lesið saman alls konar lesefni – sögur, ljóð, fræðibækur, tímarit, blaðagreinar og teiknimyndasögur.
- Lestu sögur upphátt af innlifun og með spennu! Notaðu ólíkar raddir fyrir mismunandi persónur í sögunni. Notaðu nafn barnsins í stað persónu í sögunni. Útbúið saman einfaldar leikbrúður og notið til að leika söguna.
- Lestu uppáhaldsbækurnar aftur eins oft og barnið vill hlusta á þær og veljið saman bækur og höfunda sem höfða til barnsins.
- Lestu sögur þar sem orð eða málsgreinar eru oft endurtekin og hvettu barnið til að taka þátt í endurtekna hlutanum (Dæmi: Baulaðu nú, Búkolla mín ef þú ert nokkurs staðar á lífi).

- Bentu á einstök orð um leið og lesið er. Það hjálpar barninu að tengja saman talmál og orðin í bókinni.
- Ræðið saman um þemu sem fram koma og spurðu barnið spurninga um persónurnar. Spurðu líka spurninga sem hvetja barnið til að spá fyrir um hvað gerist næst eða velta fyrir sér hvernig það hefði brugðist við í sömu aðstæðum.
- Ræðið saman um meginefni í upplýsingatexta, t.d. dagblöðum.
- Hvettu fjölskyldu og vini til að gefa barninu bækur eða annað lesefni þegar tilefni er til.
- Farðu með barnið á bókasafn. Skoðið saman geisladiska, myndbönd, tímarit og internetið ásamt bókum. Útvegið ykkur bókasafnskort en þau eru ókeypis fyrir börn og unglunga undir 18 ára aldri. Þá getur barnið sjálft fengið lánaðar bækur í eigin nafni.
- Vertu áskrifandi að barnablaði. Börn elska að fá sendingar í pósti.
- Sendu barninu skrifleg skilaboð á blaði eða með tölvupósti.
- Hvettu barnið til að skrifa lista og kort eða senda tölvupósta til vina og fjölskyldu.
- Mundu að lestur og ritun eiga að vera skemmtileg. Ef þér finnst gaman, finnst barninu það líka.

3. Lesið daglega

Flestum börnum hentar vel að hafa hlutina í föstum skorðum og lestur er eitthvað sem þú og barnið þitt getið hlakkað til á hverjum degi. Með því að gefa barninu tíma til að lesa og hlusta á það, gefur þú barninu til kynna að lestur skipti máli og sé ánægjulegur.

Reyndu að lesa eins oft með barninu og mögulegt er. Lestur er eitt af því mikilvægasta sem foreldrar geta gert til að styðja við nám barna sinna. Lestur gefur þér líka tækifæri til gæðastunda með barninu og að mynda sterk og jákvæð tengsl sem byggja á því að deila hugsunum og hugmyndum. Hér eru nokkrar hugmyndir að lestrarstundum:

- Byrjaðu að lesa fyrir barnið á meðan það er mjög ungt.
- Taktu frá tíma á hverjum degi þar sem þú getur einbeitt þér að því að lesa fyrir barnið.

- Veldu þægilegan stað til að lesa, þar sem þú getur haft barnið nálægt þér. Búið til „lestrarsvæðið“ saman.
- Veldu margar ólíkar bækur. Ef íslenska er ekki móðurmál barnsins, veldu bæði bækur á íslensku og móðurmáli barnsins. Góður grunnur í móðurmálinu auðveldar barninu að læra annað eða þriðja mál.
- Miðið lestrartímann við aldur og áhugasvið barnsins. Betra er að lesa oftar og í styttri tíma í einu fyrir yngri börn (10 mín. í einu) fremur en að lesa í lengri lotum (30 mín.).
- Lestu hægt svo að barnið geti gert sér í hugarlund hvað gerist í sögunni.
- Hrósaðu barninu fyrir að tala um hugmyndir sínar og að spyrja spurninga.
- Þegar þið farið að heiman taktu með bækur, tímarit og hljóðbækur fyrir barnið að lesa og hlusta á.
- Haltu áfram að lesa fyrir barnið þó svo að það sé byrjað að lesa sjálf. Með því að lesa fyrir það bækur sem það getur e.t.v. ekki lesið sjálf, getur þú aukið skilning þess á lesefninu og viðhaldið töfrum þess að upplifa góðar bækur saman.

4. Ræðið um bækur

Að ræða um bækur er jafn mikilvægt og að lesa þær! Að ræða við barnið um sögu eða bók hjálpar barninu að skilja efnið og tengja það við eigin reynslu. Það hjálpar líka við að auka orðaforða barnsins. Hvettu barnið til að lesa fleira en bækur, s.s. vísindatímarit og vefsíður. Ræðið um efnið og spurðu spurninga um það.

Hér eru nokkar leiðir til að hjálpa barninu að tileinka sér þá færni sem nauðsynleg er fyrir skilning, rökræðu og gagnrýna hugsun:

- Spurðu barnið hvað það langar til að lesa um.
- Lestu og talaðu um uppáhaldsbækurnar þínar þegar þú varst lítil(l).
- Skoðaðu bókarkápuna og titil bókar með barninu og spurðu hvað það haldi að gerist í sögunni.
- Hvettu barnið til að spyrja spurninga og tala um myndir og söguþráðinn áður en lesið er, á meðan á lestrinum stendur og eftir að sagan hefur verið lesin.

- Hvettu barnið til að hugsa gagnrýnið um bækur. Er það sammála eða ósammála höfundinum? Af hverju? Eru upplýsingarnar nákvæmar eða ekki?
- Hugsaðu upphátt um bækur meðan þú lest og hvettu barnið til að gera það sama. Spurðu t.d. „Getur þetta passað? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?“
- Gefðu barninu tíma til að hugsa um bókina og ræddu svo um bókina við það aftur eftir nokkra daga.

5. Hlustaðu á barnið lesa

Þegar barnið er að læra að lesa er mikilvægt að hlusta á það lesa upphátt. Með æfingunni gefst barninu tækifæri til að auka færni sína í lestri. Einnig eykst öryggi barnsins í lestrinum.

Mundu að viðbrögð þín skipta máli þegar þú hlustar á barnið lesa. Mikilvægast er að hlusta án þess að grípa fram í. Sýndu áhuga og notaðu öll tækifæri til að hrósa barninu. Vertu eins nákvæm(ur) og kostur er þegar þú hrósar barninu svo að það viti hvað það gerði rétt. Gleymdu heldur ekki að hvetja barnið til að lesa á eigin spýtur. Hér eru nokkur ráð:

- Sýndu barninu að þér finnist bókin skemmtileg með því að sýna áhuga og spyrja spurninga.
- Vertu þolinmóð(ur). Gefðu barninu tíma til að glíma við erfið orð. Sýndu barninu hvernig það getur lært af mistökum sínum.
- Veldu heppilegan tíma fyrir lesturinn þegar ekki er von á truflun.
- Tryggðu að barnið velji ekki of erfiðar bækur. Hafðu ekki áhyggjur þó barnið velji léttari bækur en það les í skólanum. Ef barnið hins vegar velur bækur sem eru örlítið yfir lestrargetu þess, skaltu hrósa því fyrir valið og vera tilbúin(n) til að aðstoða það eftir þörfum. Barnið mun læra að það er gott að takast á við áskoranir.
- Hvettu barnið til að hlusta á eigin lestur. Hlustunin hjálpar því að heyra eigin mistök og lagfæra þau.
- Þegar barnið er nýbyrjað að lesa getið þið lesið saman með því að skiptast á eða lesa í kór.
- Eftir lesturinn, ræðið saman um söguna til að tryggja að barnið hafi skilið hana.

6. Vertu barninu góð fyrirmynd

Foreldrar eru mikilvægustu fyrirmyndir barna sinna. Hér er nokkrar hugmyndir til að örva lestur og ritun hjá barninu þínu:

- Lesið saman uppskriftir, á umbúðir, áætlanir, kort, leiðbeiningar, auglýsingar, dreifibréf og bæklinga.
- Lesið á umferðarmerki, skilti verslana og veitingastaða.
- Lesið saman bækur, dagblöð og tímarit ykkur til ánægju.
- Leitið saman upplýsinga í símaskránni, matreiðslubókum, leiðbeiningum, landakortum og orðabókum.
- Skriðið saman innkaupalista, símaskilaboð, minnislista og merkimiða.
- Skráið á dagatal fjölskyldunnar mikilvægar dagsetningar og tíma.
- Lesið og skrifið tækifæriskort, bréf og tölvupósta.
- Notið hvert tækifæri sem gefst til að sýna barninu hvernig lestur og ritun eru notuð á fjölbreyttan hátt. Komdu því þannig fyrir að barnið sjái þig lesa og skrifa. Notaðu tækifærið til að kynna ný orð og setningar fyrir barninu þegar þið lesið og skrifið saman.

9 – 11 ára

Á þessu stigi er áherslan í lestrarnáminu á að hjálpa nemandanum að nota lestur og ritun á gagnrýninn, ábyrgan og virkan hátt. Nemendur á þessum aldri eru á misjöfnum stigum í lestrarnáminu. Sumir eru að byrja að ná tókum á góðri lestrar- og ritunarfærni á meðan aðrir hafa öðlast öryggi í lestri og ritun. Á þessum aldri breytast börn líkamlega, vitsmunalega, tilfinningalega og félagslega. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvaða áhrif þessar breytingar hafa á lestrarnámið.

Hvernig get ég hjálpað barninu mínu?

Foreldrar geta stutt við lestrarnám barna sinna með ýmsum hætti bæði heima og í skólanum. Hér er nokkur dæmi um það sem foreldrar geta gert með börnum sínum:

- Haltu áfram að byggja upp góð tengsl við kennara barnsins þíns, leitaðu ráða hjá honum og fáðu tillögur um það hvernig þú getur hjálpað barninu þínu.
- Hjálpaðu barninu þínu að hafa reglu á heimanáminu varðandi tíma og stað til náms og hvettu barnið til að viðhalda regluseminni.
- Ræddu um skólann, námið, árangur, áhyggjur og áhugamál við barnið.
- Hvettu barnið til að þjálfa hugann með krossgátum, gátum, gestaþrautum og orðaleikjum.
- Virkjaðu fjölskyldu og vini til að styðja við nám barnsins.
- Haltu áfram að hrósa barninu þegar það tekst á við nýjar áskoranir í náminu og bjóddu fram hjálp og stuðning þegar þörf krefur.

Hafðu í huga að börn sem eru góðir lesarar koma oftast frá heimilum þar sem foreldrar:

- hafa áhuga á lestri
- lesa fyrir börn sín
- ræða við þau um það sem þau lesa, hugsa og gera.

1. Hjálpaðu barninu að skilja lesefnið

Það er mikilvægt að barnið lesi ekki aðeins orðin í textanum heldur nái merkingu þess sem lesið er. Þú getur stutt við lesskilning barnsins með því að nota mismunandi lesskilningsaðferðir, s.s.:

- Tengja lesefnið við það sem barnið þekkir
- Hjálpa því að sjá fyrir sér það sem gerist í sögunni
- Spyrja spurninga um leið og lesið er
- Draga fram lykilatriði
- Lesa milli línanna
- Draga saman upplýsingar
- Nota aðferðir við að átta sig á erfiðum orðum

Hér eru nokkrar tillögur um hvernig má nota þessar aðferðir með barninu.

Spyrja spurninga. Spurðu spurninga eins og „Hvers vegna gerist þetta?“, „Hvað gæti gerst næst?“, eða „Er þetta rökrétt eða líklegt?“ Svona spurningar hjálpa barninu að tengja söguna saman í heild.

Að lesa milli línanna. Barnið þarf að læra að nota upplýsingar sem fram koma í textanum og tengja við eigin þekkingu og reynslu til að geta dregið ályktanir, þ.e. finna merkingu sem ekki er orðuð í textanum. Að lesa á milli línanna felur í sér að safna vísbendingum og nota þær til að skapa merkingu.

Draga saman upplýsingar. Barnið þarf að læra að draga saman upplýsingarnar í textanum, draga saman mikilvæg atriði og raða þeim saman eins og kubbum í púslu.

Nota aðferðir til að átta sig á erfiðum orðum. Til eru ýmsar aðferðir sem barnið getur notað til að átta sig á erfiðum orðum eða orðum sem það þekkir ekki. Ef barninu nægir ekki að „hljóða sig í gegnum orðið“, má hvetja barnið til að:

- Skipta orðinu í minni hluta
- Endurlesa orðin á undan og eftir erfiða orðinu
- Sleppa orðinu í bili og lesa áfram
- Ræða um hvað barnið sér búið að lesa til að kanna skilning

Ef rangt lesið orð hefur ekki áhrif á merkinguna, látið það óáreitt. Gefið barninu sjálfu tíma til að átta sig á um hvaða orð er að ræða.

2. Talaðu við barnið

Rannsóknir hafa sýnt að tal og hlustun eru grunnurinn að lestrar- og ritunarfærni. Börn þurfa oft að tala um hugmyndir sínar áður en þau geta sett þær niður á blað. Hér eru nokkrar hugmyndir um hvernig hægt er að hvetja barnið til að ræða við þig:

- Talaðu oft við barnið um það sem það er að lesa eða skrifa.
- Fáðu barnið til að endursegja meginefni textans. Spurðu spurninga til að hvetja barnið til að segja ítarlega frá efninu og segja skipulega frá.
- Ræddu við barnið um kvikmyndir, sjónvarpsefni, söngtexta og leikrit. Hvettu barnið til að setja fram skoðanir og rökstyðja þær.
- Fáðu barnið til að segja sögur þegar fjölskyldan kemur saman í afmælum eða á tyllidögum.
- Segið sögur af skemmtilegum atvikum í fjölskyldunni.
- Vertu jákvæð(ur) og hvettu barnið til að deila hugmyndum sínum og tilfinningum.

- Vertu góður hlustandi og sýndu áhuga á því sem barnið segir.

3. Gerið lesturinn ánægjulegan

Þú getur hjálpað barninu þínu að njóta lestrarins með því að hjálpa því að finna áhugavert lesefni. Ef barnið hefur gaman af lestri er það líklegra til að lesa meira og verða góður lesari. Hér eru nokkrar ábendingar um hvernig hægt er að hvetja barnið til lestrar:

- Lestu með barninu. Talið um það sem þið lesið saman, t.d. berið saman sögupersónur og fólk sem þið þekkið.
- Taktu með bækur, tímarit eða annað lesefni þegar þið farið í ökuferðir og ferðalög.
- Farið saman á bókasöfn og í bókabúðir. Skoðið einnig saman gagnvirka vefi og internetið.
- Hvettu barnið til að skoða myndefni, s.s. ljósmyndir, teikningar, kort og gröf. Hjálpaðu barninu að skilja hvernig myndefni er notað og hvaða tilgangi það þjónar.
- Nýtið ykkur ókeypis efni af netinu, s.s. Bókaormar (<http://bokaormar.khi.is/>), heimasíðu IBBY á Íslandi (alþjóðleg samtök um barnabókmenntir á <http://www.ibby.is/welcome.htm>), heimasíðu Borgarbókasafns (<http://www.borgarbokasafn.is/desktopdefault.aspx/tabid-3259/>) o.fl.
- Kannið möguleikann á að gerast áskrifandi að tímariti fyrir börn um áhugasvið barnsins, s.s. um náttúrulíf, íþróttir eða vísindi.

Mörg börn hafa áhuga á að lesa fjölbreytt lesefni, s.s.:

- sögur sem endurspegla sjálfsmynd þeirra
- söngtexta eða efni sem höfðar til tónlistaráhuga eða listrænna hæfileika
- efni sem er skemmtilegt, s.s. brandara eða gamansögur
- sögur með áherslu á söguþráð
- bókaraðir sem gefa lesandanum tækifæri til að tengjast sögupersónunum
- vísindaskáldsögur eða fantasíur
- dagblöð og tímarit
- efni með bæði prentuðu máli og myndum, s.s. teiknimyndasögur eða myndaspjöld

- efni sem börn geta lesið með öðrum, s.s. brandarabækur eða orðaleiki
- bækur eða greinar sem innihalda jákvæða mynd af umheiminum

Börn hafa líka gaman af að skoða myndrænt efni, s.s. teiknimyndir og gagnvirkt efni á diskum eða vefefni (sjá bls. 21)

4. Hvettu barnið til að skrifa

Barnið þitt þarfnast fjölbreyttra tækifæra og tilefna til að æfa ritun. Hér eru nokkrar hugmyndir sem geta nýst til að hvetja barnið til reglulegrar ritunar:

- Tryggðu að barnið sjái þig lesa og skrifa, t.d. að endurlesa bréf sem þú hefur skrifað, að skrifa innkaupalista eða að skrifa ferðadagbók.
- Vertu opin(n) fyrir möguleikum sem gefast heima fyrir ritun sem hefur tilgang fyrir barnið og hvettu það til að lesa og skrifa bréf, lista, skilaboð, póstkort, þakkarbréf, o.s. frv.
- Hvettu barnið til að halda safnmöppu um frí fjölskyldunnar og til að skrifa minnisatriði eða stuttar lýsingar undir ljósmyndir.
- Útvegaðu áhugavert bréfefni, dagbækur, penna og límmiða til að hvetja til ritunar.
- Farið í fjölbreytta orðaleiki.
- Hvettu barnið til að taka þátt í ritunarsamkeppnum í dagblöðum eða skrifa bréf til ritstjóra um efni sem það hefur sterkar skoðanir á.
- Hvettu barnið til að skrifa bréf til að fá ókeypis efni sem tengist áhugasviði þess.
- Gerðu ritunina ánægjulega og jákvæða upplifun fyrir barnið.

5. Glæðið lesturinn lífi í gegnum listsköpun

Niðurstöður rannsókna á listmenntun gefa vísbendingar um að mikilvæg tengsl séu á milli listnáms og málþroska. Leikræn tjáning, dans, tónlist og sjónlistir geta hvatt börn og virkjað þau til þátttöku með því að efla tjáningu og ímyndunarafli. Fólk úr ólíkum þjóðfélagshópum notar listir til að kanna og tjá hugmyndir og til að hvetja til aukins skilnings.

Hér eru nokkrar hugmyndir sem geta örvað listuppeldi barnsins:

- Vertu skapandi sjálf(ur), t.d. með því að taka ljósmyndir eða móta úr leir.

- Hvettu barnið til að skapa eigin spil eða leiki með því að nota listform (tónlist, leikræna tjáningu eða teikningu).
- Þroskið hæfileika barnsins til að sjá fyrir sér sögur með því að hvetja það til að teikna eða mála persónur og sögusvið. Ræðið hugmyndina um að sérhver mynd segir sögu.
- Hlustaðu á tónlistina sem barnið hlustar á og biðdu það að lýsa hvað því líkar eða líkar ekki við lag eða flytjanda.
- Skoðið saman gagnvirkar vefsíður sem eru tileinkaðar listum.
- Hvettu barnið til að prófa hugmyndir í gegnum teikningu eða leiklist áður en þær eru skrifaðar á blað.
- Hvettu barnið til að leika sögur eða biðdu það að skrifa og leika eigin leikrit.
- Sækið listviðburði með barninu, t.d. myndlistarsýningar, tónleika, leiksýningar eða heimsækið listamenn þegar þeir sýna verk sín.

6. Vertu góð fyrirmynd

Foreldrar eru fyrstu kennarar barnsins og fyrirmyndir og reyna því að gefa þeim gott fordæmi. Þátttaka þín og stuðningur geta haft áhrif á viðhorf barnsins eða áhugasvið og um leið árangur þess í lestri og ritun. Hér eru nokkrar leiðir sem þú getur notað til að vera góð fyrirmynd um áhuga á lestri og ritun:

- Talaðu reglulega við barnið um það sem þú hefur lesið í dagblöðum, tímaritum og bókum. Spurðu barnið hvað það hafi verið að lesa.
- Sýndu barninu að þú lesir af mörgu tilefni. Lestu dagblaðagreinar til að fá upplýsingar um það sem gerist í heiminum. Lestu auglýsingar til að bera saman ólíkar vöruflokka. Skoðaðu kvikmyndauglýsingar til að ákveða skemmtun helgarinnar. Lestu íþróttasíðurnar til að fylgjast með uppáhalds félagsliðinu. Lestu teiknimyndasögur þér til gamans.
- Sýndu að þú notar ritun af mörgu tilefni. Skrifaðu innkaupalista með barninu. Skrifaðu minnispunkta til að bera saman upplýsingar um vörur, t.d. stærð og liti reiðhjóla. Skrifaðu bréf til ritstjórnar dagblaðs um efni sem þú hefur sterkar skoðanir á eða kvörtun til framleiðanda ef vara sem þú kaupir reynist gölluð eða ófullnægjandi.

7. Taktu upp gagnrýninn lestur á heimilinu

Þjóðfélagsbreytingar eru nú svo örar að við þurfum að gefa okkur tíma til að hugsa um hvort þær hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á okkur. Að lesa á gagnrýninn hátt felst í að skoða og ræða undirliggjandi skilaboð í ritmáli eða öðrum miðlum í þeim tilgangi að skilja umheiminn betur. Þá lærum við að skoða ritmál, myndmál, talmál og margmiðlunarefni til að skilja, spyrja og ögra undirliggjandi afstöðu, viðhorfum og gildum.

Hér eru nokkrar leiðir sem þú getur farið til að hjálpa barni þínu til að lesa á gagnrýninn hátt:

- Talið um tilgang með bók eða blaðagrein og ástæður höfundar fyrir því að skrifa greinina.
- Hjálpaðu barninu að skilja að efni á prenti eða öðrum miðlum ber í sér sjónarhorn eða viðhorf.
- Gefið gaum að jafnrétti í lesefni og leitið að dæmum þar sem upplýsingar vantar í því skyni að afvegaleiða lesandann.
- Miðlið eigin skoðun á sögu eða blaðagrein.
- Ræðið á hvern hátt málið er notað til að sannfæra, t.d. um áhrifamátt málsins í auglýsingum og aðferðir sem notaðar eru til að fá fólk til að horfa á ákveðið sjónvarpsefni.
- Kannið ólíkar túlkningar á viðburði sem aðrir lesendur hafa tjáð sig um, t.d. í bréfum til ritstjórnar dagblaðs.
- Virtu skoðanir barnsins, viðhorf og tilfinningar.

Hér eru nokkrar spurningar sem nota má til að hvetja barnið til að lesa með gagnrýnum huga:

- Um hvað er þessi bók? Af hverju hefurðu áhuga á að lesa hana?
- Hvað vill höfundurinn að við vitum eða hugsum? Vill hann að við trúum einhverju?
- Hvað segir höfundurinn um börn, tánínga og foreldra í bókinni?
- Eru öll börnin í textanum eins?
- Hvernig hefur höfundurinn notað orð og myndir til að koma skilaboðum sínum á framfæri?

- Eru skoðanirnar sem fram koma í bókinni sanngjarnar?
- Hvað finnst þér um þessa bók?
- Hvernig heldur þú að persónan sé sem skrifaði bókina?

Hvar get ég fundið hjálp?

Mundu að þú ert ekki ein(n) í að hjálpa barninu við að læra að lesa og skrifa. Það eru margir sem hægt er að leita til, t.d. kennari barnsins, fjölskyldumeðlimir, vinir og aðrir í samfélaginu.

Kennarinn

Sá fyrsti sem þú ættir að leita til varðandi nám barnsins í lestri og ritun er kennari barnsins. Þegar börnin sjá foreldra og kennara sína vinna saman verða þau öruggari og fá meira sjálfstraust. Með því að sýna áhuga á menntun barnsins hjálpar þú því til að ná betri árangri í námi. Skólastjórinn og starfsmenn skóla- og frístundasviðs geta einnig orðið að liði. Hér eru nokkur atriði sem þú getur spurt kennara barnsins:

- Hver eru markmiðin í lestri og ritun? Hvernig get ég sem best hjálpað barninu mínu til að ná þessum markmiðum?
- Hver er námsleg staða barnsins míns í lestri og ritun?
- Hvaða bækur getur barnið auðveldlega lesið? Hvers konar bækur finnst því erfiðari?
- Hvaða bókum eða höfundum hefur það gaman af?
- Virðist barnið mitt hafa áhuga á lestri? Velur það að lesa sér til ánægju?
- Hvers konar lestraraðferðir notar barnið í skólanum?
- Hvaða bækur eða leiðbeiningar geta hjálpað mér við að aðstoða barnið mitt við lestrarnámið?

Kennari barnsins getur bent á ýmsar leiðir sem barnið getur farið í lestrarnáminu og sérstaklega til að takast á við erfiða texta. Ef barnið t.d. staðnæmist við ákveðið orð getur kennarinn bent þér á að hvetja barnið til að:

- hugsa um hvaða orð eru rökrétt í samhengi sögunnar eða setningarinnar
- „hljóða sig“ í gegnum orðið
- hugsa um orð sem er svipað í útliti eða hljóðan

- leita að orðhlutum sem eru líkir
- hugsa um hvað hljómar rétt í setningunni
- skoða myndir og greinarmerki
- fara til baka og lesa textann aftur
- biðja um aðstoð við að lesa orðið.

Aðrir í samfélaginu

Auk kennarans getur þú talað við ýmsa í skólasamfélaginu. Hér eru nokkrar tillögur sem geta komið að gagni:

- Virkjaðu fleiri til samstarfs við að hvetja barnið og styðja við lestrarnámið, s.s. afa og ömmur, eldri systkin og vini.
- Farðu á almenningubókasafnið og leitaðu að bókum sem gætu vakið áhuga barnsins, s.s. gagnvirkar bækur. Biðjið starfsfólk bókasafnsins um aðstoð.
- Leitaðu til meðlima í félagssamtökum, s.s. landssamtökum foreldra - Heimili og skóli sem gætu vitað um hjálplegar leiðir.
- Ef barnið á í erfiðleikum með lestur, láttu kanna hvort sjón og heyrn séu í lagi. Líkamlegir þættir geta haft áhrif á lestrarerfiðleika.

Stjórnvöld

Í aðalnámskrá grunnskóla – íslensku koma fram markmið og leiðir til að styðja við lestrarnám barna. Hún er aðgengileg á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins á

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=B53E86F8E8B16322002576F00058DC5C&action=openDocument>

Upplýsingar um samræmd próf í íslensku er að finna á heimasíðu Námsmatsstofnunar á <http://www.namsmat.is/vefur/>

Nokkrar vefsíður fyrir ungt fólk

Eftirfarandi vefsíður voru virkar þegar skjal þetta var gefið út. Mælt er með að þú skoðir síðurnar áður en þú bendir barninu á þær til að meta hvort efnið hentar barninu þínu. Með því að skoða vefsíður með barninu stuðlar þú að lestraráhuga og hjálpar barninu til að finna vefsíður á eigin spýtur.

Bókaormar – vefsíða um bóklestur: <http://bokaormar.khi.is/>

Heimasíða Borgarbókasafns Reykjavíkur: <http://borgarbokasafn.is/>

Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO: <http://bokmenntaborgin.is/>

IBBY – samtök um barnabókmenntir: <http://www.ibby.is/>

Gagnvirkir vefir o.fl. á heimasíðu Námsgagnastofnunar:
<http://www.nams.is/krakkasidur/>

Skólavefurinn: <http://www.skolavefur.is/>

Bókatíðindi 2011: http://www.kvos.is/BF5EADE1-741A-4319-B584-AC90642E0EAB/FinalDownload/DownloadId-5F86A48B57193AA5A21A92EF0A7C0FBD/BF5EADE1-741A-4319-B584-AC90642E0EAB/bokatidindi/bokatidindi_2011.pdf

Greinar á íslensku um barna- og unglíngabókmenntir:
http://www.ritlist.is/kennsla/itar_grein_isl.htm

Vefur um rafbækur: <http://lestu.is/frettir.html>

Netverslanir með bækur og ritföng: <http://www.netverslanir.is/baekur.jsp>

Listar yfir bækur sem hafa fengið verðlaun:
<http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3493/>

Vefur um læsi og lestrarerfiðleika: <http://lesvefurinn.hi.is/>